

# Minjaráð Reykjaness

11. fundur haldinn í Sveinatungu í Garðabæ 12. október 2021

Mætt voru: Þór Hjaltalín, Hallur J. Gunnarsson, Daníel Einarsson, Helga Þórsdóttir, Björn Pétursson, Arinbjörn Vilhjálmsson og Helga Ragnarsdóttir sem ritar fundargerð.

## 1. Fundarmenn boðnir velkomnir, ýmis praktísk mál (ritun fundargerðar o.fl.) – fundur settur.

Fundur settur og fundarmenn boðnir velkomnir. Nýr meðlimur ráðsins, Helga Þórsdóttir er boðin velkomin. Helga R. tekur að sér ritun fundargerðar.

## 2. Fyrsti fundur eftir Covid – staða mála og verkefni framundan – umræður.

Langt er síðan síðasti fundur var haldinn, í desember 2019. Ekki þótti fýsilegt að halda fjarfundi þar sem umræður þar verða aldrei eins og í raunheimi. Ákveðið var að halda næsta fund 7. desember 2021 í húsakynnum Minjastofnunar Íslands við Suðurgötu.

## 3. Landsáætlun um uppbyggingu innviða á fjölsóttum ferðamannastöðum.

### Umsóknarfrestur í sjóðinn til 4. nóvember. Þór kynnir stöðu mála á minjasvæðinu.

Þór gerði grein fyrir stöðu mála á Reykjanesi. Áður hefur verið sótt um í sjóðinn fyrir fjórum stöðum á Reykjanesi, en það eru Nýja Krýsuvík, Húshólmi, Útilegumannaminjar í Eldvörpum og Vogar í Höfnum og hafa tveir þeir síðasttöldu fengið styrk úr sjóðnum. Það eru Eldvörpin fyrir gerð verndaráætlunar fyrir hinar friðlýstu minjar, en þær liggja undir nokkru álagi vegna ferðafólks, enda jarðvegur á svæðinu viðkvæmur, og svo til landnámsminjanna í Vogum í Höfnum, til þess að vinna forhönnun á svæðinu sem felst m.a. í stígagerð, hvar aðkoman eigi að vera og gerð bílastæða, upplýsingagjöf og merkingum, þjónustuhúsi og aðgerðum til verndar minjunum. Sú forhönnun verður svo nýtt við frekari deiliskipulagsvinnu á svæðinu á vegum sveitarfélagsins. Nú er lag á ný að koma með umsóknir í sjóðinn. Meðlimir ráðsins voru hvattir til þess að koma með hugmyndir að mögulegum stöðum sem vert væri að sækja um fyrir, í sjóðinn.

Þór kynnti kort af landinu, [minjasjá](#), sem sýnir friðaðar og friðlýstar minjar. Kortið er lifandi verkefni sem stækkar með fjölgun skráðra minja.

Stuttlega var rætt um upplýsingaskilti á minjasvæðinu og víðar og samræmingu í útliti. Vinna við það hefur farið fram og má m.a. sjá á vefsvæðinu [godarleidir.is](#)

## 4. Fyrirhugaðar friðlýsingar á minjasvæðinu. Þór kynnir.

Máli frestað.

## 5. Minjamálin í Garðabæ – kortavefur. Arinbjörn kynnir

Skoðað var gamalt kort af Garðahreppi og Álftanesi. Arinbjörn ræddi stuttlega um sögu bæjarins. Helstu býli og þróun byggðar.

## 6. Vettvangsferð að Vífilsstöðum – gamla læknishúsið, viðgerð.

Haldið var til Vífilsstaða og gamla læknishúsið skoðað. Húsið er teiknað af Guðjóni Samúelssyni og byggt árið 1919. Það mun vera eitt af fyrstu verkum Guðjóns. Til stendur að gera húsið upp og eru framkvæmdir um það bil að hefjast. Heildarmynd

bygginga á Vífilsstöðum er eftirtektarverð og þó húsin séu mörg og ekki öll frá sama tíma mynda þau samfellu og varðveisluverða minjaheild á svæðinu.

Ekki fleira gert og fundi slitið kl. 16.30.